



## Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrímel 3  
301 Akranes  
Sími : 433 8500  
Fax : 433 8501  
Kt. 630606-1950

10. febrúar 2015

1501002 ÓM

## Tillaga að Landskipulagsstefnu 2015-2026

Á 50. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann 21. janúar 2015 var gerð eftirfarandi bókun:

### *Tillaga að Landskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar.*

***Borist hefur erindi Skipulagsstofnunar dags. 19. des. 2014 er varðar tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Skipulagsstofnun óskar umsagnar sveitarfélagsins, frestur til athugasemdar er til 13. feb. 2015.***

***Málin rædd. USN nefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna að umsögn í samvinnu við nefndarmenn fyrir 13. febrúar n.k.***

Hvalfjarðarsveit fagnar útgáfu Landsskipulagsstefnu 2025-2026, þar sem sett er fram sameiginleg sýn og hugmyndir um þróun byggðar og ráðstöfun lands til nýtingar og verndar.

Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við tillöguna:

- Í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 segir m.a. á bls. 26 í kafla um rafveitur:
  - Stefnt skal að því að háspennulínur verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu: frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulínu með hærri spennu.
  - Háspennulínur sem koma inn í sveitarfélagið að austanverðu og liggja að Brennimeil liggja samsíða Sultartangalínu 2 að eins miklu leyti og mögulegt er eða þær lagðar í jörð.


Í tillögu að Landskipulagsstefnu kemur fram að umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að ekki verði heimilt að fjölga línur meðfram Sultartangalínu 3. Náðst hefur breið sátt meðal íbúa Hvalfjarðarsveitar um að nýjar háspennulínur séu lagðar einungis meðfram Sultartangalínu 3 en ekki með öðrum háspennulínur sem koma inn í sveitarfélagið.

- Í Svæðisskipulagi miðhálandis er stefna varðandi mannvirkjabelti sem sveitarfélagið telur mjög mikilvægt að verði látin halda sér, sem er forsenda þess að raforkuflutningsmannvirki verði ekki

reist í byggð. Það að hringtengja raforkuflutningskerfi á láglandi eins og fram kemur í tillögu að Landskipulagsstefnu gengur þvert á stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar.

- Sveitarfélagið leggur áherslu á að heimilað verði að hringtengja raforkuflutningskerfi umhverfis Ísland innan haf og strandsvæða.
- Í kafla 3.7.1 kemur fram að tekið verði tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs mikilvægt er að samræmis sé gætt í þessum efnum gagnvart dreifbýli og vísað er í því samhengi á kafla 2.8.1 þar sem einungis er talað um flóðahættu.
- Varðandi kafla 4.2.4 um endurskoðun landnotkunarflokka á hafnar- og iðnaðarsvæðum utan þéttbýlis. Sveitarfélagið fagnar því mjög ef farið verður í að endurskoða landnotkunarflokka á hafnar- og iðnaðarsvæðum sem taka betur mið af umhverfisvernd. Í dreifbýli þar sem myrkrið er svartara og hljóðið er háværara getur ekki talist ásættanlegt að gerðar séu minni kröfur til umhverfisáhrifa heldur en í þéttbýli.

Virðingarfyllst,



Ólafur Melsted,  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)